



Alþingi

Erindi nr. P 131/282

komudagur 30.11.2004

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 26. nóvember 2004

2004110187/91/SG/gh

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga

Mikill akkur er í því að Alþingi skuli taka stofnfrumur á dagskrá, bæði til rannsókna og lækninga, eins og kemur fram í ágætri greinargerð. Mjög lítil umræða hefur farið fram hér á landi um rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísunum og möguleika þeirra til lækninga alvarlegra sjúkdóma. Jafnframt hefur lítil umræða farið fram um klónun, en réttilega er bent á það í greinargerðinni að klónun til lækninga lýtur að allt öðrum hlutum en klónun til æxlunar. Lítil sem engin umræða fór reyndar fram hér á landi áður en ákvæði um bann við klónun var sett í íslensk lög, enda voru mönnum þá ekki ljósir kostir stofnfrumna. Ýmislegt bendir til að íslensk samfélag sé mjög opið og jákvætt gagnvart stofnfrumurannsóknum til lækninga (Óskarsson et al. Læknablaðið 2003;89:499-504). Siðfræðistofnun og Landlæknisembættið hyggjast standa fyrir málþingi um stofnfrumurannsóknir í næsta mánuði þar sem rakin verða líffræðileg, læknisfræðileg, siðfræðileg og trúarleg sjónarmið sem að þeim lúta. Mikilvægt er því að þingsályktunartillagan nái fram að ganga og skipulögð vinna hefjist hér á landi sem m.a. lúti að því hvort breyta þurfi lögum um rannsóknir á stofnfrumum og klónun hér á landi.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson  
landlæknir